

Örnefni í Hrauntúnslandi og afrétti Þingvallahrauns.

Ármanafell (1) var beitiland og smalaland að framan í fjallinu frá Hrauntúni (2), en annað svæði Ármannsfells var afréttar- og beitiland frá Svartagili (3). Og skal nú reynt að greina að, hvað fylgdi hvorum bæ og afrétti.

Hofmannaflöt (4) var slægnaland frá Hrauntúni.

Byrja þar og greini örnefni sólarrétt um Ármannsfell.

Stórkonugil (5) er í vestur frá Hofmannaflöt, djúpt og dimmt, sker fjallið upp á brún. Framar og vestar kemur brekka sem kölluð var Sláttubrekka (6).

Aðeins vestar upp frá Viðivöllum er breitt og nokkuð djúpt gil Stóragil (7), skammt vestar er Litlagil (8). Þar er fjallið skógivaxið og nokkuð grösugt, kemur þar aðeins beygja á fjallið, norðvestur að löngum hálsi sem heitir Sleðás (9). Austan við ásin kallast svæðið Kriki (10).

Norðvestan við hálsinn er all breiður hvammur sem kallast Bolabás (11). Í honum og fjallinu eru 2 gil, það eystra Básgil (12) en hitt ytra Grásteinsgil (13). Þar norðvestar kemur háls sem nær upp í fjallsbrún, Fjárhúsmúli (14). Vestan undir múlanum eru húsatættur sem hét Múlakot (15).

Þar fyrir vestan er slétt svæði árunnið úr fjallinu notað sem keppnissvæði hestamanna. Austan við svæðið er all stór klettahóll og vestan við hann voru byggðar safnréttir í staðinn fyrir réttina við Sleðás. 1924.

Í norðaustur frá réttinni eru skógivaxnir hólar á allbreiðu svæði, Skógarhólar (16) og upp af þeim í fjallinu sést allbreitt gil Ármannsgil (17).

Þar norðan við er breiður ás og nokkuð langur, Biskupsbrekkur (18), ofan í þeim miðjum er flöt uppgróin og slétt Leirdalur (19).

Norður frá brekkunum er langur en mjór dalur Botnadalur (20). Upp af honum í fjallinu er all breiður hvammur sem heitir Skál (21). Norðan við skálina kemur mjór háls sem er undanfari gils sem heitir Svartagil (22).

Nú beygir fjallið vestur, norður af því er langur slakki, sem er upphaf að Svartagili. Austan við slakkann eru melar og austan við þá koma 2 dalir Grasdalur (23). Enn beygir fjallið til suðurs, þar er breitt og grösugt gil, sem nær upp í mitt fjall, Ormavallagil (24). Sunnan við gilið eru melöldur all breiðar og ná þær suður að vatni sem heitir Sandvatn (25), en hliðarnar heita Sandvatnshlíðar (26), all grónar, er þar oft gott kræki-berjaland.

Kluftir (27) eru 2 leiðir sitthvoru megin við Sandklufta-vatn. Leiðin um Kaldadal og Uxahryggi lá um Ormavelli (28), fyrir Borgfirðinga og Norðanmenn og fór eftir vatnshæð hvoru megin farið var. Ef farið var með Ármannsfelli lá leiðin um Smjörbrekkuháls (29), sem er hálsinn sunnan við vatnið niður með Meyjarsæti (30) að vestan, erum við nú komin hringinn um Ármanssfell.

Um Hofmannaflöt láu leiðir bæði fyrir Norðanmenn og þá sem komu austan af landi til Þingvalla.

Í suður frá Hofmannaflöt er frekar lítið fjall, Fremra-Mjóafell (31). Í austur frá Hofmannaflöt er skarð og í gegnum þar var farið af Austurlandi, um Biskupsflöt. Í suður tekur við Goðaskarð (32) en í norðaustur af því er langt en lágt fjall Innra-Mjóafell (33). Inn með því að sunnan lá vegurinn í austur að Söðulhólastíg (34), sem er í austur frá Söðulhólum.

Inn af Mjóafelli og tengt því er Gatfell (35), en í vestur frá fellinu og í norðaustur frá Hofmannaflöt er lágt en allgróið fjall Lágafell (36). Inn og austur af því er talið að væri Bláskógaheiði (37). Á þessu landi er lágur sauðgróður og þegar lengra dregur í norðvestur eru bruna-sandar, allt að Skjaldbreið.

Landamerki á sýslumörkum við Borgarfjörð voru frá Hrúðurkötlum (38) um Langahrygg (39) í vestur um Brunna (40) þá Kvígindisfell (41), Stórusúlu (42) og Kjalarhorn (43) og erum við þá komin að Kjósarsýslu.

Örnefni á leið norður er fyrst Sandvatnaskvísl (44) svo koma Ormavellir (45) en þeir eru sunnan undir löngum hálsi sem heitir Tröllaháls (46) hefur hann stefnu austur vestur. Inn af honum eru Víðiker (47). Þegar komið er drjúgan spöl innar er grösug flöt og all góð brekka, Draugabrekka (48). Þá er komið að kvísl sem kölluð er Sælhúskvísl (49) og eru í norðaustur all breiðar hæðir Sælhúshæðir (50). Framan við hæðirnar er flöt við veginn Biskupsflöt (51). Þar er tóftarbrot. Þar dó Jón biskup Vídalín.

Þarna skiptast leiðir, sú eystri er um Kaldadal en hin liggur um Sælhúsflóa (52) (sem nær að Kvígindisfelli) og yfir 2 lága hálsa Hallbjarnarhæðir (53) og síðan um Uxahryggi (54) Suðvestan undir Kvígindisfelli er all langur dalur, Hvannadalur (55), og vestar hæðir, Hrosshæðir (56). Sunnan þeirra eru tjarnir með silungi Krókatjarnir (57). Úr þeim rennur lækur í Hvannadali og sú kvísl um Víðiker og sameinast Sælhúsakvísl austan við Tröllháls.

Sunnan undir Botnssúlum (58) er lágur en allbreiður háls, Gagnheiði (59), sem nær að Ármannsfelli, suður en vestur að Öxará (60).

Meðfram Botnssúlum er djúpt gil, Súlnagil (61), sem liggur í suðvestur að Öxará. Í suðvestur af Fremstusúlu (62) eru Fossabrekkur (63), nokkuð grösugar. Norðan við þær og í vestur frá Botnssúlum er Öxardalur (64), nær hann frá Leggjarbrjót (65) að norðan og suður að Fossabrekkum. Öxará hefur upptök sín í Myrkavatni (67), sem er austan við Kjöl, rennur norðan við Búrfell (68) og mætir þar kvísl úr Súlnadal (69).

Skráð hefur

Kristján Jóhannsson frá Skógarkoti

Stafrófsröð örnefna

Ármanafell	1	Gatfell	35
Ármanngil	17	Goðaskarð	32
Básgil	12	Grasdalir	23
Biskupsbrekkur	18	Grásteinsgil	13
Biskupsflöt	51	Hallbjarnarhæðir	53
Biskupsflöt	ónúmerað	Hofmannaflöt	4
Bláskógaheiði	37	Hrauntún	2
Bolabás	11	Hrosshæðir	56
Botnadalur	20	Draugabrekka	48
Botnssúlur	58	Fjárhúsmúli	14
Brunnar	40	Innra-Mjóafell	33
Búrfell	68	Kjalarhorn	43
Fossabrekkur	63	Kluftir	27
Fremra-Mjóafell	31	Kriki	10
Fremstasúla	62	Krókatjarnir	57
Gagnheiði	59	Kvígindisfell	41

Langihryggur	39	Sleðás	9
Lágafell	36	Smjörbrekkuháls	29
Leggjarbrjótur	65	Stóragil	7
Leirdalur	19	Stórasúla	42
Litlagil	8	Stórkonugil	5
Meyjarsæti	30	Súlnadalur	69
Múlakot	15	Súlnagil	61
Myrkavatn	67	Svartagil	22
Ormavallagil	24	Svartagil [bær]	3
Ormavellir	28, 45	Sælhúsflói	52
Sandvatn	25	Sælhúshæðir	50
Sandvatnshlíðar	26	Sælhúskvísl	49
Sandvatnskvísl	44	Söðulhólastígur	34
Skál	21	Tröllaháls	46
Hrúðurkatlar	38	Uxahryggir	54
Hvannadalur	55	Víðiker	47
Skógarhólar	16	Öxará	60
Sláttubrekka	6		

Jóna Kristjánsdóttir veitti góðfúslega ljósrit af þessari skrá, ásamt öðrum örnefnaskrár sem Kristján Jóhannsson ritaði milli 1982-1984. Halldór Pétur Þrastarson hafði þar milligöngu. Gunnar Grímsson, landvörður í Þjóðgarðinum á Þingvöllum, færði í tölvutækt form í nóvember 2024 og útbjó stafrófsröð örnefna. Uppsetning er höfð nákvæmlega eins og frumritið sem og stafsetning örnefna. Einstaka innsláttarvillur eru leiðréttar.